



Skólanefnd kom saman til fundar mánudaginn 7.nóvember 2022 kl. 11-13

Dagskrá:

1. Skólahald haustannar
 - Nemendatölur
 - Mannahald
2. Húsnæðismál
3. Fjármál
4. Önnur mál

Afgreiðslur:

Stefán Vagn boðaði forföll.

Sigurjón Rafnsson formaður skólanefndar setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

1. Kristján áfangastjóri fór yfir nemendatölur. Nemendur á haustönn 2022 eru 703 samtals samanborið við 657 nemendur á haustönn 2021. Nýjir nemendur sem komu beint úr grunnskóla eru 72 talsins. Kristján fór einnig yfir skiptingu nemenda eftir brautum, kyni, aldri og búsetu. Ingileif skólameistari fór yfir þær breytingar sem hafa orðið á starfsmannahaldi. Björn Sighvatz og Guðbjörg Bjarnadóttir eru í námsleyfi þetta skólaár. Jónatan Björnsson kom inn í stað Björns, Laufey Leifsdóttir leysir af í íslenskukennslu á önninni, Helgi Hannesson hætti í vor vegna aldurs og Ágúst Ingi Ágústsson kennir nú sögu. Sigurgeir Þór var ráðinn í kennslu í helgarnámi í rafvirkjun, Íris Helma kom aftur til vinnu eftir árs námsleyfi, Sigurlaug Vordís er ekki í kennslu þessa önn. Margrét Helga fór í leyfi sem námsráðgjafi og leysir af á skrifstofu skólans. Ekki hefur fengist námsráðgjafi en Aðalbjörg færðist upp í 100% starf nú á haustönn. Hanna María Lindmark var ráðin í 50% starf á heimavist og sinnir hún þrifum og þvotti.
2. Rætt var um viðbyggingu við verknámshús skólans. Undirbúningur og samtal við ráðuneytið hefur verið í gangi í nokkur misseri. Sigurjón sagði frá því að staðfest væri að verkefnið er í fullum gangi í samræmi við fjárfestingarferli hins opinbera og hönnun fer fram eftir næstu áramót. Einnig segir ráðuneytið að úttekt sé í gangi á öllum verkmenntaskólum landsins og fjármagn sé til staðar fyrir verkefnin. Teikningar sem til eru eru orðnar um 11 ára gamlar og þarf að stækka bygginguna í hönnunarferlinu.



Ingileif sagði frá því að skólinn á húsið á Kirkjutorgi og hafnar eru endurbætur á því húsi. Í sumar var skipt um þak og kvistir endurnýjaðir. Óskar Már deildarstjóri tréiðna mun efnistaka húsið og hanna og verður þetta viðbót við heimavistina þar sem allt er yfirfullt þar um helgar. Nemendur í rafiðn og tréiðn munu koma að þessum endurbótum.

Stuttlega var rætt um bókasafn og önnur rými í skólanum og að tími væri að koma á það að gera breytingar í takt við tímenn.

3. Guðrún fjármálastjóri fór yfir fjármál skólans. Vinna er farin af stað í ráðuneytinu þar sem verið er að endurgera reiknilíkan og verður þessi vinna í allan vetur. Sundurliðun er orðin meiri en áður var.

Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga eru fyrstu tölur 460 miðað við nemendur í fullu námi. Fjárlög 2023 eru 1.049,4 m.kr að frádregnum sértekjum.

Unnið er að rekstraráætlun og stefnir í að skólinn skili afgangi miðað við þetta ár eða um 20 milljónir.

4. Önnur mál:

Ingileif sagði frá fyrirhuguðum fundi með Háskólanum á Hólum um enn meira samstarf á milli skólanna. Hún sagði einnig frá breytingum á prófahaldi en vinna hefur verið í gangi með deildarstjórum og engin lokapróf verða haldin. Próftafla er þó á skóladagatali en stefnt er að því að í vor verði farið alla leið og engin lokapróf verði haldin.

Þorkell sagði frá samstarfi með samtökum iðnaðarins og samgöngustofu um nám í trefjaplastsmíði. Stefnt er að því að halda námskeið á vorönn 2023 þar sem starfandi starfsmönnum í trefjaplastsmíði verður boðið að ná sér í menntun. Dagný Erla formaður nemendafélagsins sagði frá félagslífi skólans.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Margrét Helga Hallsdóttir fundarritari
Ingileif Oddsdóttir, Þorkell V. Þorsteinsson
Kristján Bjarni Halldórsson, Guðrún Ottósdóttir
Aðalheiður Reynisdóttir, Sigurjón Rafnsson
Ásta Pálmadóttir, Árni Gunnarsson
Dagný Erla Gunnarsdóttir, Sigurlaug Dóra Ingimundardóttir
Ingveldur Ása Konráðsdóttir